

Samkomulag um framlengingu viðræðuáætlunar við Félag grunnskólakennara undirritað 10. júlí 2020

Þann 10. júlí 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Félags grunnskólakennara samkomulag um framlengingu á viðræðuáætlun aðila til 1. október 2020.

Helstu atriði í framlengdri viðræðuáætlun eru:

Aðilar sammælast um það markmið að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 1. október 2020 með gildistíma frá 1. september 2020 til 31. mars 2023 sem byggir á grunni lífskjarasamnings. Viðræður halda áfram samkvæmt sameiginlegri verkáætlun sem í megin atriðum felur í sér eftirfarandi verkefni:

Sameiginleg launatafla KÍ félaga

Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að það sé sameiginlegur ávinningur samningsaðila að tekin verði upp ein sameiginleg launatafla fyrir öll aðildarfélög KÍ. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarþættir kjarasamninga vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

Samningsaðilar eru sammála um að ljúka vinnu við gerð nýrrar launatöflu eigi síðar en 1. október 2020 og að hún taki gildi í kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. janúar 2022.

Eingreiðsla

Samhliða framlengingu viðræðuáætlunar eru aðilar sammála um að greiða hverjum starfsmanni eingreiðslu þann 1. september 2020, að upphæð 303.400 kr. miðað við fullt starf eftir því sem við á fyrir tímabilið 1. desember 2019 til og með 31. ágúst 2020. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall. Upphæðin tekur mið af almennum launahækkunum á umræddu tímabil í samæmi við lífkjarasamninginn.

Eingreiðslan og félagsmenn FG í fæðingarorlofi

Í sérstakri yfirlýsingu sem fylgir viðræðuáætlun aðila er tryggt að félagsmenn FG í fæðingarorlofi fá eingreiðslu. Nánar er kveðið um á um fyrirkomulag í fundargerð 82. fundar samstarfsnefndar sambandsins og Félags grunnskólakennara frá 7. júní 2018.

Bókun með viðræðuáætlun um sveigjanlegt vinnuumhverfi

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólastarfs.

Áréttað er í bókuninni að við gerð vinnuskýrslu, sem gera skal í upphafi hvers skólaárs, skuli skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni.

Nýr kjarasamningur við Félag leikskólakennara undirritaður 10. júlí 2020

Þann 10. júlí 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa félagsmanna FL skv. launatöflum A-1 – A-3 og C-1 – C-3:

- 1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 kr.
- 1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000 kr.
- 1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.

Ný grein 1.1.4 um önnur laun

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Á samningstímanum hækka önnur laun um 2,5% þann 1. janúar 2021

Heimildarákvæðinu er ætlað að styðja við þær breytingar sem leiða af betra skipulagi vinnutíma sbr. fylgiskjöl 2 og 3. Einnig við framkvæmd jöfnunar launa milli markaða sbr. fylgiskjal 6.

Grein 1.1.5 um sérstakar eingreiðslur á samningstíma

Uppgjörsgreiðsla fyrir tímabilið 1. júlí 2019 til 31. desember 2019, kr. 15.119, sem greiðist þann 1. september 2020 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem var við störf frá 1. júlí 2019 til 31. desember 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.

Grein 1.3.1 röðun starfsheita háskólamenntaðra starfsmanna breytist frá 1. apríl 2020:

Við breytinguna falla starfsheiti háskólamenntaðra starfsmanna B niður og félagmenn í menntunarflokki II og III sem ekki hafa fengið starfsleyfi sem kennarar skv. lögum nr. 95/2019 raðast skv. neðangreindri töflu:

Starfsheiti - Gildir frá 1. apríl 2020	Menntunar-kröfur	Lfl.
Háskólamenntaður starfsmaður	II / III	252
Háskólamenntaður sérkennari	II / III	258
Háskólamenntaður Deildarstjóri / Verkefnastjóri / Sérgreinastjóri	II / III	259
Háskólamenntaður sérkennslustjóri	II / III	262

Ákvæðið á eingöngu við um þá sem eru í launatöflum C.

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist (sbr. stytting vinnuviku):

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Um sveitarfélög utan Reykjavíkur gildir einnig: Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. grein 2.1.1.

Grein 1.7.1 um persónuuppbót

Ákvæði kjarsamnings um desember- og orlofsuppbót skólastjórnenda og starfsfólks á skólaskrifstofum eru sameinuð undir eina samningsgrein um persónuuppbætur sem eru eftirfarandi á samningstímanum:

Persónuuppbót 1. júní 2020	kr. 91.225,-
Persónuuppbót 1. desember 2020	kr. 91.225,-
Persónuuppbót 1. júní 2021	kr. 93.505,-
Persónuuppbót 1. desember 2021	kr. 93.505,-

Greinar 2.7 og 2.7.1. um undirbúningstíma breytast frá og með 1. október 2020

Ákvæði kjarasamnings og skilgreiningar á undirbúningstíma breytast frá og með 1. október 2020. Helstu atriði eru:

- Verkefni sem heyra undir undirbúningstíma eru skilgreind frekar.
- Leikskólastjóri og starfsmaður skipuleggja undirbúningstíma með gerð vinnuskýrslu.
- Lágmarks undirbúningstími leikskólakennara/kennara skal vera 7 klst. á viku miðað við fullt starf.
- Lágmarks undirbúningstími deildarstjóra og leikskólasérkennara/sérkennara skal vera 10 klst. á viku miðað við fullt starf.
- Lágmarks undirbúningstími aðstoðarleikskólakennara og háskólamenntaðra starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun en kennara er 4 klst. á viku miðað við fullt starf en 5 klst. á viku ef þeir sinna deildarstjórn eða sérkennslu.
- Háskólamenntaðir starfsmenn sem ekki eru með uppeldisfræðimenntun skulu hafa að lágmarki 2 klst. undirbúningstíma á viku miðað við fullt starf. Háskólamenntaðir starfsmenn sem ekki eru með uppeldisfræðimenntun en sinna deildarstjórn hafa að lágmarki 5 klst. í undirbúningstíma á viku.
- Í þeim tilvikum sem leikskólastjóri óskar eftir því að starfsmaður sinni öðrum störfum þegar hann á að sinna undirbúningi skal undirbúningurinn færast til innan vinnudagsins eða vinnuvikunnar. Ef því verður ekki við komið skal daglegur/vikulegur undirbúningur unninn utan dagvinnumarka og er hann þá greiddur með yfirvinnu.

Fæði og mótuneyti greinar 3.4.3 og 3.4.4

Fæðispeningar hækka í 647 kr.

Orlof 30 dagar

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Ákvæði um vetrarorlof skólastjórnenda úr fyrri samningi heldur sér.

Grein 5.8.1 um ófærð er ný grein og hljóðar svo:

Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum. Skal þá starfsmaður, ef því verður viðkomið, inna af hendi starfsskyldur sínar með fjarvinnu.

Greina 6.7.1 um mæðraskoðun er ný grein sem hljóðar svo:

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma.

Grein 10.2.2 mat á starfsreynslu leikskólakennara / kennara breytist frá og með 1. október

Mat á starfsreynslu leikskólakennara er víkkað út þannig að öll starfsreynsla sem starfsmaður með leyfisbréf hefur áunnið sér í leikskólum áður en viðkomandi lauk háskólaprófi er til starfsreynslu skv. grein 10.2.2.

Grein 10.2.3 um viðbótarlaun háskólamenntaðra starfsmanna vegna starfsþróunar breytist frá 1. apríl 2020 og hljóðar svo:

Þannig hækkar röðun þess sem tekur laun samkvæmt launatöflum C í fylgiskjali 1, sem hér segir frá 1. apríl:

- um 1,5% persónuálag eftir 1 árs starf,
- samtals 3% persónuálag eftir 2 ára starf,
- samtals 4,5 % persónuálag eftir 3 ára starf,
- samtals 6% persónuálag eftir 5 ára starf,
- samtals 7,5% persónuálag eftir 7 ára starf,
- samtals 9% persónuálag eftir 9 ára starf.

Gildistími, gildissvið og samningsforsendur

Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningi þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp til afgreiðslu fyrir 7. ágúst 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 7. ágúst 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

BÓKUN 6 [2020]

Sameiginleg launatafla KÍ félaga

Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að það sé sameiginlegur ávinningur samningsaðila að tekin verði upp ein sameiginleg launatafla fyrir öll aðildarfélög KÍ. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarþættir kjarasamninga vegna viðbótarmentunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

Samningsaðilar eru sammála um að ljúka vinnu við gerð nýrrar launatöflu eigi síðar en 1. október 2020 og að hún taki gildi í kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. janúar 2022.

Stytting vinnuviku: Fylgiskjöl 2 og 3

Með kjarasamningi þessum eru tekin markviss skref til styttingar vinnutíma starfsmanna sveitarfélaga og þar með til aukinna lífsgæða og bætts vinnuumhverfis. Aðilar eru sammála um að eigi síðar en 1. janúar 2021 styttist hver vinnudagur um 13 mínútur á dag, fyrir starfsmann í fullu starfi m.v. 40 stunda vinnuviku. Þar með lækkar vikuleg vinnuskylda starfsmanns um 65 mínútur.

Einnig eru aðilar sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks í vaktavinnu og opinberra launagreiðenda með betri vinnutíma samkvæmt fylgiskjali 3 með kjarasamningi. Helstu breytingar á vinnutíma er fólgin í því að vinnuvikan styttist úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks mun taka mið af fleiri þáttum en áður. Vaktaálgasflokkum fjölga og vægi vinnustunda verður metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma. Þá verður einnig greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta. Áætlað er að breytingar á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks taki gildi 1. maí 2021.

Nýr kjarasamningur við Félag íslenskra hljómlistarmanna undirritaður 10. júlí 2020

Þann 10. júlí 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hljómlistarmanna nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa félagsmanna FT skv. launatöflum A-1 –A-2 og B-1 – B-2:

1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 kr.

1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000 kr.

Grein 1.4.8 um skólahljómsveitir

Breyting er gerð til áréttingar um að skólahljómsveitir, reknar sem sjálfstæðar einingar, skuli skilgreindar sem fullgildir tónlistarskólar skv. kjarasamningnum. Ekki verði gerður greinarmunur á skólahljómsveitum og öðrum tónlistarskólum hvað varðar samninginn í heild sinni eða einstakar greinar hans.

Grein 1.9 um tónleikaferðalög breytist og hljóði svo:

Þegar tónlistarkennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver virkur ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu. Þá daga sem varið er til ferðalaga með nemendur er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni sbr. grein 2.1.10.

Vegna ferðalaga með nemendur til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00.00 til 07:00 eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu. Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.

Um lágmarkshvöld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

Annaruuppbætur skólastjórnenda og tónlistarkennara á samningstímanum eru eftirfarandi:

Annaruuppbót 1. júní 2020 kr. 91.225,-

Annaruuppbót 1. desember 2020 kr. 91.225,-

Grein 2.1.6.2 um skiptingu vinnutíma

Í tengslum við aukinn orlofsrétt félagsmanna skv. grein 4.1.1 er þeim tíma sem vantar upp á fulla vinnuskyldu og verja á skv. kjarasamningi til undirbúnings- og símenntunar utan starfstíma skóla breytt úr 150 klst. í 102 klst.

Grein 4.1.1 um orlof verður 30 dagar óháð aldri

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Ákvæði um vetrarorlof skólastjórnenda úr fyrri samningi heldur sér.

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Grein 5.8.1 um ófærð er ný grein og hljóði svo:

Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum. Skal þá starfsmaður, ef því verður viðkomið, inna af hendi starfsskyldur sínar með fjarvinnu.

Grein 11.1.31 um mæðraskoðun er ný grein sem hljóðar svo:

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma.

Gildistími, gildissvið og samningsforsendur

Samningsaðilar skulu bera samninginn, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 6. ágúst 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 12:00 þann 6. ágúst 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Bókanir með samningi aðila 2020

Bókun 1 [2020]

Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag Íslenskra hljómlistarmanna sammælast um að hefja viðræður til undirbúnings næsta kjarasamningi með það að markmiði að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 1. janúar 2021. Eftirfarandi greinar í kjarasamningi verða m.a. teknar til umræðu:

- 1.3.1 Röðun í launflokka
- 1.3.2 Mat á menntun félagsmanna
- 1.3.3 Grein um viðbótarlaun
- 1.3.4 Viðbótarlaunaflokkar vegna lífaldurstengdrar símenntunar
- 1.3.7. Viðbótarflokkar vegna kennsluferils
- 1.4.7 Viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu skólastjórna
- 2.1.9 Hljómsveitar- og hópkennta
- 3 Kafli Matar og kaffitímar
- 5.3.2. Akstur til og frá vinnu

Að auki verður rætt um styttingu vinnutíma og starfshlutfall meðleikara.

Nýr kjarasamningur við Félag stjórnenda leikskóla undirritaður 10. júlí 2020

Þann 10. júlí 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2021.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa skólástjórna og starfsfólks á skólaskrifstofum

1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 kr.

1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000 kr.

1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.

Ný grein 1.1.5 um önnur laun:

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun um 2,5% þann 1. janúar 2021

Heimildarákvæðinu er ætlað að styðja við þær breytingar sem leiða af betra skipulagi vinnutíma sbr. fylgiskjöl 2 og 3. Einnig við framkvæmd jöfnunar launa milli markaða sbr. fylgiskjal 6.

Greinar 1.4.1 og 1.4.2 um röðun í launaflokkabreytast þann 1. ágúst 2020:

Röðun starfa leikskólástjóra 1 til 10 og aðstoðarleikskólástjóra 2 til 10 í launaflokka breytist. Öllum starfsheitum er varpað þann 1 ágúst 2020 í launatöflu sem tekur mið að launatöflu Skólástjórafélags Íslands.

Grein 1.4.2 um undirbúningstíma aðstoðarleikskólástjóra breytist frá og með 1. ágúst 2020

Undirbúningstími aðstoðarleikskólástjóra er í sama hlutfalli og önnur störf en stjórnun og kemur fram í skriflegu samkomulagi leikskólástjóra og aðstoðarleikskólástjóra. Lágmarksfjöldi undirbúningstíma miðað við fullt starf er 7 klst. á viku miðað við almenn kennslustörf en 10 klst. miðað við sérkennslu og deildarstjórn.

Grein 1.4 um röðun starfsmanna skólaskrifstofa breytist þann 1. ágúst 2020:

Röðun starfsheita starfsmanna á skólaskrifstofum í launaflokka breytist frá og með 1. ágúst 2020. Öllum starfsheitum bæði skv. fastlaunasamningi og án fastlaunasamnings er þá varpað í launatöflu sem tekur mið að launatöflu Skólástjórafélags Íslands:

Starfsheiti	Launaflokkur	Lfl. fastlauna-samnings
Daggæsluráðgjafi	457	
*Sérkennsluráðgjafi á skólaskrifstofu	459	466
*Daggæslufulltrúi/deildarstjóri daggæsludeildar	459	466
*Leikskólaráðgjafi á skólaskrifstofu	459	466
*Sérkennslufulltrúi á skólaskrifstofu	460	469
*Þróunarfulltrúi leikskóla	462	470
*Leikskólafulltrúi I í sveitarfélagi með færri en 15.000 íbúa	464	473
*Leikskólafulltrúi II í sveitarfélagi með 15.000 íbúa eða fleiri	467	476

Grein 1.4.5 um viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu skólastjórnenda breytist frá 1. ágúst:

Frá og með 1. ágúst fá skólastjórnendur allt að 5 launaflokka vegna stjórnunarreynslu, einn lfl. fyrir 5 og 10 ár, tvo lfl. fyrir 15 ár og einn lfl. fyrir 20 ár. Frá sama tíma er kennsluferill allt að 10 árum metinn jafngildur stjórnunarreynslu. Þá bætist við að auk starfs- og stjórnunarreynslu við leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla verður metin starfs- og stjórnunarreynsla við háskóla.

Viðmiðunarfjárhæðir skv. grein 1.7.5 (áður grein 1.8.5) breytast og verða eftirfarandi:

Frá 1. janúar 2020 skal greiða kr. 5.275

Frá og með 1. janúar 2021 skal greiða kr. 5.407

Grein 1.9.1 um persónuuppbót

Ákvæði kjarsamnings um desember- og orlofsuppbót skólastjórnenda og starfsfólks á skólaskrifstofum eru sameinuð undir eina samningsgrein um persónuuppbætur sem eru eftirfarandi á samningstímanum:

Persónuuppbót 1. júní 2020	kr. 91.225,-
Persónuuppbót 1. desember 2020	kr. 91.225,-
Persónuuppbót 1. júní 2021	kr. 93.505,-
Persónuuppbót 1. desember 2021	kr. 93.505,-

Grein 1.5.2 um viðbótarlaunaflokka vegna starfsreynslu sérfræðinga á skólaskrifstofum breytist á samningstímanum:

Frá og með 1. ágúst 2020 fá sérfræðingar á skólaskrifstofum allt að 5 launaflokka vegna starfsreynslu á skólaskrifstofu, sem kennsluráðgjafar eða sem stjórnendur, einn lfl. fyrir 5 og 10 ár, tvo lfl. fyrir 15 ár og einn lfl. fyrir 20 ár. Frá sama tíma er kennsluferill allt að 10 árum metinn jafngildur stjórnunarreynslu. Þá bætist við að auk starfs- og stjórnunarreynslu við leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla verður metin starfs- og stjórnunarreynsla við háskóla.

Grein 1.7.1 um yfirvinnu breytist (sbr. stytting vinnuviku):

Yfirvinna er greidd með tímakaupi, sem skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum.

Um sveitarfélög utan Reykjavíkur gildir einnig: Tímakaup yfirvinnu 2 greiðist jafnframt fyrir vinnu umfram fullt starf skv. grein 2.1.1.

Fæði og mótuneyti greinar 2.6.9.1, 3.4.3 og 3.4.4

Fæðispeningar hækka í 647 kr.

Orlof 30 dagar

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Ákvæði um vetrarorlof skólastjórnenda úr fyrri samningi heldur sér.

Grein 5.8.1 um ófærð er ný grein og hljóðar svo:

Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum. Skal þá starfsmaður, ef því verður viðkomið, inna af hendi starfsskyldur sínar með fjarvinnu.

Grein 12.1.6 um mæðraskoðun er ný grein sem hljóðar svo:

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma.

Gildistími, gildissvið og samningsforsendur

Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningi þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 7. ágúst 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 7. ágúst 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Bókanir sem varða fastlaunasamning skólastjóra og sameiginlega framtíðarsýn kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélagsa um upptöku sameiginlegrar launatöflu fyrir öll félög innan KÍ:

Bókun 4 2020

Um fastlaunasamning

Aðilar eru sammála um að fastlaunasamningur skólastjórnenda nái ekki til óhefðbundinna starfa í skólustarfi grunn- og leikskóla. Greiða skal aukalega fyrir slík störf í samráði við næsta yfirmann. Dæmi um slík óhefðbundin störf eru: byggingarframkvæmdir, meiriháttar viðhald húsnæðis, mygluvandamál, bruni húsnæðis og flutningar starfsstöðvar.

BÓKUN 6 [2020]

Sameiginleg launatafla KÍ félaga

Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að það sé sameiginlegur ávinningur samningsaðila að tekin verði upp ein sameiginleg launatafla fyrir öll aðildarfélög KÍ. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarþættir kjarasamninga vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

Samningsaðilar eru sammála um að ljúka vinnu við gerð nýrrar launatöflu eigi síðar en 1. október 2020 og að hún taki gildi í kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. janúar 2022.

Stytting vinnuviku: Fylgiskjöl 2 og 3

Með kjarasamningi þessum eru tekin markviss skref til styttingar vinnutíma starfsmanna sveitarfélaga og þar með til aukinna lífsgæða og bætts vinnuumhverfis. Aðilar eru sammála um að eigi síðar en 1. janúar 2021 styttist hver vinnudagur um 13 mínútur á dag, fyrir starfsmann í fullu starfi m.v. 40 stunda vinnuviku. Þar með lækkar vikuleg vinnuskylda starfsmanns um 65 mínútur.

Einnig eru aðilar sammála um að ná megi fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks í vaktavinnu og opinberra launagreiðenda með betri vinnutíma samkvæmt fylgiskjali 3 með kjarasamningi. Helstu breytingar á vinnutíma er fólgin í því að vinnuvikan styttist úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks mun taka mið af fleiri þáttum en áður. Vaktaálgasflokkum fjölgar og vægi vinnustunda verður metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma. Þá verður einnig greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta. Áætlað er að breytingar á vinnufyrirkomulagi vaktavinnufólks taki gildi 1. maí 2021.

Samkomulag um framlengingu viðræðuáætlunar við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum undirritað þann 10. júlí 2020

Þann 10. júlí 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum samkomulag um framlengingu á viðræðuáætlun aðila til 1. október 2020.

Helstu atriði í framlengdri viðræðuáætlun eru:

Aðilar sammælast um það markmið að ljúka endurnýjun kjarasamnings fyrir 1. október 2020 með gildistíma frá 1. september 2020 til 31. mars 2023 sem byggir á grunni lífskjarasamnings. Viðræður halda áfram samkvæmt sameiginlegri verkáætlun sem í megin atriðum felur í sér eftirfarandi verkefni:

Sameiginleg launatafla KÍ félaga

Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að það sé sameiginlegur ávinningur samningsaðila að tekin verði upp ein sameiginleg launatafla fyrir öll aðildarfélög KÍ. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarbættir kjarasamninga vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

Samningsaðilar eru sammála um að ljúka vinnu við gerð nýrrar launatöflu eigi síðar en 1. október 2020 og að hún taki gildi í kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. janúar 2022.

Eingreiðsla

Samhliða framlengingu viðræðuáætlunar eru aðilar sammála um að greiða hverjum starfsmanni eingreiðslu þann 1. september 2020, að upphæð 303.400 kr. miðað við fullt starf eftir því sem við á fyrir tímabilið 1. desember 2019 til og með 31. ágúst 2020. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall. Upphæðin tekur mið af almennum launahækkunum á umræddu tímabil í samæmi við lífkjarasamninginn.

Eingreiðslan og félagsmenn FT í fæðingarorlofi

Í séstakri yfirlýsingu sem fylgir viðræðuáætlun aðila er tryggt að félagsmenn FG í fæðingarorlofi fá eingreiðslu. Nánar er kveðið um á um fyrirkomulag í fundargerð 82. fundar samstarfsnefndar sambandsins og Félags grunnskólakennara frá 7. júní 2018.

Bókun með viðræðuáætlun um sveigjanlegt vinnuumhverfi

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólastarfs.

Áréttað er í bókuninni að við gerð vinnuskýrslu, sem gera skal í upphafi hvers skólaárs, skuli skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni.

Nýr kjarasamningur við Skólastjórafélag Íslands undirritaður 10. júlí 2020

Þann 10. júlí 2020 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021.

Helstu atriði samningsins eru:

Hækkun launa skólastjórnaenda, kennsluráðgjafa og sérkennslufulltrúa

1. janúar 2020 hækka laun um kr. 17.000 kr.

1. apríl 2020 hækka laun um kr. 24.000 kr.

1. janúar 2021 hækka laun um kr. 24.000 kr.

Ný grein 1.1.4 um önnur laun

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Á samningstímanum hækka önnur laun um 2,5% þann 1. janúar 2021

Grein 1.1.2 um röðun í launaflokka breytist þann 1. ágúst 2020:

Röðun starfa skólastjóra 1 til 10 og aðstoðarskólastjóri 2 til 9 í launaflokka breytist og er skólastjórur varpað framhjá eldri töflu og beint inn í launatöflu með persónuálaginu.

Grein 1.2 um röðun og kennsluskyldu deildarstjóra breytist þann 1. ágúst 2020:

Frá og með 1. ágúst 2020 er deildarstjórur varpað inn í launatöflu skólastjóra. Á sama tíma er tekið upp nýtt kerfi vegna launaröðunar deildarstjóra, deildarstjórar stiga og deildarstjórar verkefna heyrja þá sögunni til en deildarstjórur verður raðað eftir stjórnunarumfangi skv. eftirfarandi töflu:

Deildarstjórar Gildir frá 1. ágúst 2020	Stjórnunar- umfang	Launa- flokkur	Kennslu- skylda	Hámarks kennsla umfram skyldu
Deildarstjóri 1	≤ 30%	464	25 > 18,2	5
Deildarstjóri 2	31% til 49%	466	17,9 > 13,3	4
Deildarstjóri 3	50% til 74%	468	13 > 6,8	3
Deildarstjóri 4	75% og hærra	470	6,5 > 0	2

Grein 1.3.7 um viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu skólastjórnaenda breytist frá 1. ágúst 2020:

Frá og með 1. ágúst 2020 fá skólastjórnaendur allt að 5 launaflokka vegna stjórnunarreynslu, einn lfl. fyrir 5 ár og 10 ár, tvo lfl. fyrir 15 ár og einn lfl. fyrir 20 ár. Frá sama tíma er kennsluferill allt að 10 árum metinn jafngildur stjórnunarreynslu. Þá bætist við að auk starfs- og stjórnunarreynslu við leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla verður metin starfs- og stjórnunarreynsla við háskóla.

Annaruppþætur skólastjórnaenda og starfsfólks skólaskrifstofa á samningstímanum verða eftirfarandi:

Annaruppþót 1. júní 2020	kr. 91.225,-
Annaruppþót 1. desember 2020	kr. 91.225,-
Annaruppþót 1. júní 2021	kr. 93.505,-
Annaruppþót 1. desember 2021	kr. 93.505,-

Grein 1.4.2 um röðun starfsmanna skólaskrifstofa breytist þann 1. ágúst 2020:

Röðun starfsheita starfsmanna skólaskrifstofa og kennsluráðgjafa í launaflokka breytist frá og með 1. ágúst 2020 og er þeim þá varpað í launatöflu skólastjóra með persónuálagi með eftirfarandi hætti:

- Grunnröðun starfsmanna skólaskrifstofa sem fá greidd laun skv. grein 1.4.2: Launaflokkur 464

Grunnröðun starfsmanna skólaskrifstofa sem fá greidd laun skv. valkvæðum röðunarkafla grein 1.4.3:

- Kennsluráðgjafi 1: Launaflokkur 464
- Kennsluráðgjafi 2: Í hverfi/þjónustusvæði og/eða á þjónustumiðstöð: Launaflokkur 466
- Verkefnastjóri á skólaskrifstofu/fræðsluskrifstofu: Launaflokkur 468

Grein 1.4.3.2 um viðbótarlaunaflokka vegna starfsreynslu starfsfólks skólaskrifstofa breytist:

Frá og með 1. ágúst 2020 fá starfsmenn skólaskrifstofa allt að 5 launaflokka vegna starfsreynslu á skólaskrifstofu, sem kennsluráðgjafar eða sem stjórnendur, einn lfl. fyrir 5 og 10 ár, tvo lfl. fyrir 15 ár og einn lfl. fyrir 20 ár. Frá sama tíma er kennsluferill allt að 10 árum metinn jafngildur stjórnunarreynslu. Þá bætist við að auk starfs- og stjórnunarreynslu við leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla verður metin starfs- og stjórnunarreynsla við háskóla.

Viðmiðunarfjárhæðir í greinum 1.3.1, 2.2.1, 2.2.4 og 2.3.3 breytast og verða eftirfarandi:

Frá 1. janúar 2020 skal greiða kr. 5.254

Frá og með 1. janúar 2021. kr. 5.386

Fæði og mótuneyti greinar 2.6.9.1, 3.4.3 og 3.4.4

Fæðispeningar hækka í 647 kr.

Orlof 30 dagar

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Ákvæði um vetrarorlof skólastjórnenda úr fyrri samningi heldur sér.

Grein 5.9.1 um ófærð er ný grein og hljóðar svo:

Hamli ófærð því að starfsmenn komist frá heimili sínu til vinnu og geti sinnt starfi sínu skulu þeir engu að síður halda föstum launum sínum. Skal þá starfsmaður, ef því verður viðkomið, inna af hendi starfsskyldur sínar með fjarvinnu.

Grein 13.1.2.4 um mæðraskoðun er ný grein og hljóðar svo:

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram á vinnutíma.

Gildistími, gildissvið og samningsforsendur

Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningi þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 7. ágúst 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 7. ágúst 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Bókanir sem varða fastlaunasamning skólastjóra og sameiginlega framtíðarsýn kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélagsa um upptöku sameiginlegrar launatöflu fyrir öll félög innan KÍ:

Bókun 5 2020

Um fastlaunasamning

Aðilar eru sammála um að fastlaunasamningur skólastjórnenda nái ekki til óhefðbundinna starfa í skólastarfi grunn- og leikskóla. Greiða skal aukalega fyrir slík störf í samráði við næsta yfirmann.

Dæmi um slík óhefðbundin störf eru: byggingarframkvæmdir, meiriháttar viðhald húsnæðis, mygluvandamál, bruni húsnæðis og flutningur starfsstöðvar.

BÓKUN 6 [2020]

Sameiginleg launatafla KÍ félaga

Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga eru sammála um að það sé sameiginlegur ávinningur samningsaðila að tekin verði upp ein sameiginleg launatafla fyrir öll aðildarfélög KÍ. Samhliða upptöku nýrrar launatöflu verði launamyndunarþættir kjarasamninga vegna viðbótarmenntunar og starfsreynslu samræmdir, metnir til persónuálags og starfsheitum endurraðað.

Samningsaðilar eru sammála um að ljúka vinnu við gerð nýrrar launatöflu eigi síðar en 1. október 2020 og að hún taki gildi í kjarasamningi aðila sem gildir frá 1. janúar 2022.